# Niðurjöfnun útsvara 1908-1910

Aðfnr. 1284 2/2, örk 9

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# Niðurjöfnunarnefndarskjöl

1910.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Kærur 1910.

| Tala | Kærendur | Breytingar | Jafnaðarmenn | Breytingar |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Guðm. Magnússon | Lækkað um Kr. 15.00 | | ~~Fært niður um Kr. 1~~ |
| 2. | Jóhanna Jónsdóttir | — „ — „ „ 4.00 | Margrjet Magnúsd. | |
| 3. | Sölvi Víglundarson | — „ — „ „ 5.00 | Sigurur Ólafssonar | |
| 4. | Guðmundur Ól. Pétursson | — „ — „ „ 2.00 | | |
| 5. | Þorfinnur Jónsson | — „ — „ „ 8.00 | | |
| 6. | Gísli Hjálmarsson | — „ — „ „ 10.00 | | |
| 7. | Sigríður Sigurðardóttir | — „ — „ „ 2.00 | | |
| 8. | Jakobína Jósefsdóttir | Fellt burt „ 4.00 | | |
| 9. | Jónas Jónsson | Lækkað um „ 4.00 | | |
| 10. | Hannes Júlíusson | — „ — — „ 2.00 | Sigurur Ólafsson | Hækkað um Kr. 6.00 |
| 11. | Sigurður H. Jónsson | — „ — — „ 13.00 | Magnús Jónsson ókunn. | |
| 12. | Konráð B. Oddsson | — „ — — „ 4.00 | | |
| 13. | Sigurður Runólfsson | — „ — — „ 6.00 | | |
| 14. | Sigfús Eymundsson | — „ — — „ 25.00 | Jón Jensson<br>Júl. Havsteen<br>Eggert Briem<br>Guðm. Helgason<br>Lárus Benediktsson | |
| 15. | Guðni Guðnason Hvg. 42 | — „ — — „ 4.00 | Guðm. Guðm. Hvg. 42<br>Einar Einarsson s. st. | |
| 16. | Margrét Ögmundsdóttir | Fellt burtu „ 4.00 | | |
| 17. | Elín Árnadóttir | — — „ 6.00 | | |
| 18. | Ólafur M. Eyjólfsson | — — „ 16.00 | | |
| 19. | Guðfinna Magnúsdóttir | Fellur burtu „ 6.00 | | |
| 20. | Vilborg Árnadóttir lk. | — — „ 4.00 | (NB fékk ekki tilkynning: farin til Austfjarða). | |
| 21. | Einar Hildibrandsson | Lækkað um „ 8.00 | | |
| 22. | Margrét Jóhannsdóttir | Fellt burt „ 4.00 | | |
| 23. | Árni Árnason | — — „ 4.00 | | |
| 24. | Kristín Ingimundard. | — — „ 6.00 | | |
| 25 | Carl Trolle | Ekki sinnt | | |
| 26. | Sigurlaug Tjörfadóttir | Fellt burtu „ 4.00 | | |
| 27. | Þuríður Sigurðardóttir | — — „ 4.00 | | |
| 28. | Bened. Ásgrímsson | Ekki sinnt | Hallgr. Benediktsson | |
| 29. | Guðrún Guðnadóttir | Ekki sinnt | | |
| 30. | Guðný Steingrímsdóttir | Fellt burtu „ 4.00 | | |
| 31. | Guðríður Bjarnadóttir | — „ 4.00 | | |

18 2

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Tala | Kærendur | Breytingar | Jafnaðarmenn | Breytingar |
|---|---|---|---|---|
| | | H. 182.00 | | |
| 32. | Carl Olsen | Lækkað um Kr. 40.00 | | |
| 33. | Guðrún Clausen | Fellt burt „ 4.00 | | |
| 34. | Björn Símonarson | Lækkað um „ 75.00 | Sigurður Kristjánsson | |
| | | | Lárus G. Lúðvígsson | |
| | | | Sveinn Sigfússon | |
| | | | Jón Jakobsson | |
| | | | Guðm. Helgason | |
| | | | Vilhjálmur Bjarnarson | |
| | | | Geir Zoëga kennari | |
| | | | Halldór Þórðarson | |
| | | | P. Hjaltested úrsm. | |
| | | | Jóhannes Hjartarson | |
| | | | Friðrik Jónsson km. | |
| | | | Guðm. Olsen | |
| | | | Jón Pálsson | |
| | | | Kristján Þorgrímsson | |
| | | | Klæðav. Iðunn | |
| | | | Hotel Ísland | Hækkað um Kr. 25.00 |
| | | | Sigrún Ísleifsdóttir | |
| 35. | Jón Steinason | Ekki sinnt. | + Jón Hallgrímsson | Hækkað um Kr. 10.00 |
| | | | + Guðm. Arason | ——— — „ 5.00 |
| | | | + Guðfinnur Einarsson | Nýr gjaldandi „ 18.00 |
| 36. | Gísli Jóhannesson | Lækkað um „ 6.00 | | |
| 37. | Matth. Þórðarson | ——— — „ 20.00 | Jón Jakobsson | |
| | | | + Magnús Helgason | Hækkað um Kr. 25.00 |
| | | | Jón Þórarinsson | |
| | | | + J. V. v. D. Claessen | Hækkað um „ 40.00 |
| 38. | Anna Helgadóttir | Fellt burtu „ 4.00 | | |
| 39. | Sigurður Jónsson | Lækkað um „ 4.00 | | |
| 40. | Þorvaldur Björnsson | ——— — „ 10.00 | V. Claessen | |
| 41. | Markús Þorsteinsson | ——— — „ 5.00 | + Magnús Vigfússon | ~~Hækkað um Kr.~~ |
| | | | + Magnús Pálsson Lv. 47 | Hækkað um Kr. 9.00 |
| | | | + Ingimundur Guðmundsson | ——— — „ 5.00 |
| 42. | Guðlaug Þórsteinsdóttir (arins-) | Fellt burtu „ 4.00 | | |
| 43. | Guðm. Magnússon Hvg. 4 | Ekki sinnt | | |
| 44. | Guðríður Albertsdóttir | Ekki sinnt | | |
| 45. | Þórunn Björnsdóttir | Lækkað um „ 2.00 | | |
| 46. | Anna Danielsdóttir | ——— — „ 2.00 | | |
| 47. | Vigdís Steindórsdóttir | ——— — „ 2.00 | | |
| 48. | Elín J. Blöndal | Fellt burt „ 4.00 | | |
| 49. | Bendtsen, A. P. | Lækkað um „ 20.00 | | |
| 50. | Eggert Pálsson | ——— — „ 12.00 | Jósafat Sigurðsson s. st. | |
| | | 396.00 | ~~Sigurður Pálsson~~ Rámann | Nýr gjaldandi Kr. 12.00 |
| | | | | 124 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Tala | Kærendur | Breytingar | | Jafnaðarmenn | Breytingar | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Kr 396.00 | | | | |
| 51. | Eyjólfína Eyjólfsdóttir | Ekki lagt á hana, heldur | | Eyjólfína Einarsdóttir; það fell burt. | | |
| 52 | Sólborg S. Sigurðardóttir | Fellt burtu | Kr. 4.00 | | | |
| 53. | ~~Margrét~~ Jóhann K. Þorsteins~~dóttir~~ | Lækkað um | " 4.00 | | | |
| 54. | Vigdís Magnúsdóttir | Fellt burtu | " 4.00 | | | |
| 55. | Þuríður Jónsdóttir Lv. | Ekki sinnt | | | | |
| 56. | Guðm. A. Guðmundsson | Lækkað um | " 4.00 | | | |
| 57. | Dagbjörg Guðjónsdóttir | ——— ——— | " 8.00 | | | |
| 58. | Þorsteinn Finnbogason | ——— ——— | " 4.00 | | | |
| 59. | Sigríður Stefánsdóttir | ——— ——— | " 2.00 | | | |
| 60. | Jón Jónsson vagnstj. | Ekki sinnt. | | | | |
| 61. | Þórður Sigurðsson | Lækkað um | " 5.00 | Jón Hannesson<br>Guðjón Einarsson pr. | | |
| 62. | Þuríður Erlingsdóttir | ——— ——— | " 2.00 | | | |
| 63. | Lárus Benediktsson | Ekki sinnt | | | | |
| 64. | Ingibjörg Árnadóttir | Fellt burtu | " 4.00 | | | |
| 65. | Metta Teitsdóttir | ——— ——— | " 4.00 | | | |
| 66. | Guðjón Jónsson Lgv. 66 | Lækkað um | " 8.00 | | | |
| 67. | Páll Jónsson Lgv. 69 | ——— ——— | " 12.00 | | | |
| 68. | Jónas P. Árnason | ——— ——— | " 8.00 | | | |
| 69. | Guðbjörg S. Jónsdóttir | Ekki sinnt | | | | |
| 70. | Guðbjörg ~~Guðmunds~~ Gunnarsdóttir | Fellt burtu | " 4.00 | | | |
| 71. | Krautwurst, Karl | Lækkað um | " 75.00 | | | |
| 72. | Guðrún (M.) Guðmundsdóttir | Fellt burtu | " 4.00 | | | |
| 73. | Borghildur Símonardóttir | ——— ——— | " 6.00 | | | |
| 74. | Ólafur Sigurðsson Vit. 8 | Lækkað um | " 8.00 | +Magnús Jónsson Njál. 41 | | |
| 75. | Jón Jónsson Bræðraborgarst. 9. | Ekki sinnt | | | | |
| 76. | Guðrún Guðbrandsdóttir | Fellt burtu | " 4.00 | | | |
| 77. | Kristinn Sveinsson | Lækkað um | " 4.00 | | | |
| 78. | Guðm. Loftsson | Ekki sinnt | | V. Claessen | | |
| 79. | Guðjón Björnsson | Lækkað um | " 5.00 | | | |
| 80. | Árni Pálsson | ——— ——— | " 4.00 | | | |
| 81. | Helgi Árnason | ——— ——— | " 5.00 | Magnús Vigfússon<br>+Runólfur Guðjónsson | Lækkað um<br>——— ——— | Kr 10.00<br>" 14.00 |
| 82 | Hildur Ebbasdóttir | Fellur niður | " 4.00 | | | |
| 83. | Valdimar Kr. Árnason | Ekki sinnt | | | | |
| 84. | Kristín Björnsdóttir | Fellt burtu | " 4.00 | | | |
| 85. | Helga Steingrímsdóttir | ——— ——— | " 4.00 | | | |
| 86. | Sumarliði Halldórsson | ——— ——— | " 16.00 | | | |
| 87. | Sigurður Jónsson | Ekki sinnt | | Árni Þorleifsson | | |
| 88. | Elías J. Pálsson | Fellt burtu | " 12.00 | | | |
| 89. | Steinunn Guðjónsdóttir | ——— ——— | " 4.00 | | | |
| 90. | Sigurður Kr. Guðlaugsson | Lækkað um | " 8.00 | Guðm. Eiríksson | | |
| | | 640 | | | | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Tala | Kærendur | Breytingar | Jafnaðardarmenn | Breytingar | Ta |
|---|---|---|---|---|---|
| | | Kr 640.00 | | | |
| | | | Guðm. Þorláksson | | 11 |
| | | | Oddur Ólafsson | | 11 |
| | | | Hafliði Hjartarson | | |
| 91. | Þorgeir Pálsson | Ekki sinnt | Guðjón Gamalíelsson | | |
| | | | Guðm. Guðmundss. Grett. 2 | | |
| | | | Jón Steinason | | |
| 92. | Guðríður Eyjólfsdóttir | Lækkað um Kr. 8,00 | | | |
| 93. | Guðm. Gíslason | Ekki sinnt | Sigurður Eiríksson regl. | | |
| | | | Baldvin Einarsson | | |
| | | | Sigurður Jónsson járnsm. | | |
| 94. | Jón Gunnlaugsson | Lækkað um „ 4.00 | | | 11 |
| 95. | Sigríður Teitsdóttir | Lækkað um „ 2.00 | | | 12 |
| 96. | Guðbjörg Guðmundsdóttir | Fellur burtu „ 4.00 | | | 12 |
| 97. | Sæunn Jónsdóttir | Ekki sinnt | | | 12 |
| 98. | Kristján Þorgrímsson | Ekki sinnt | Pálmi Pálsson | | 12 |
| 99. | Ólöf Guðmundsdóttir | Lækkað um Kr. 4.00 | | | 12 |
| 100. | Guðný Kristjánsdóttir | Fellt burtu „ 6.00 | | — | |
| 101. | Ólafur Björnsson Póst. 14 | Lækkað um „ 8.00 | | | |
| 102. | Jóel Jónsson Grett. 52 | Ekki sinnt | | | 12 |
| 103. | Kristín Guðmundsdóttir | Fellt burtu „ 4.00 | | | |
| 104. | Ólafur Helgason | Lækkað um „ 10.00 | | | 12 |
| 105. | Þórarinn Olgeirsson | Ekki sinnt — | Guðm. Sigurðsson skipstj. | | |
| | | | Kolbeinn Þorsteinsson | | |
| | | | Jón Jóhannsson skipstj. | | |
| | | | G. Sigurðsson | | |
| | | | Krómundur Jósefsson | | |
| | | | Jóhannes Magnússon | | 1 |
| | | | ×Sigrún Ísleifsdóttir | | 1 |
| 106. | Þuríður Jónsdóttir | Fellt niður Kr. 6.00 | | | 1 |
| 107. | María Pétursd. Maack | Lækkað um „ 2.00 | Margrét Bogadóttir | | |
| 108. | Eyjólfur Þorkelsson | —— „ 10.00 | | | 1 |
| 109. | Tómás Guðmundsson | Ekki sinnt | | | 1 |
| 110. | Guðm. Guðmundss. Bergst. 15 | Lækkað um „ 4.00 | | | 1 |
| 111. | Halldóra Hinriksdóttir | —— „ 4.00 | | | |
| 112. | Klemens Jónsson | Ekki sinnt | Dr. J. Jónassen | | 1 |
| | | | Jul. Havsteen | | 13 |
| 113. | Sigurveig Illugadóttir | Fellt niður „ 4.00 | | | 1 |
| 114. | Gísli Jóhannsson | Lækkað um „ 5.00 | Eggert Snæbjörnsson | | |
| | | | Árni Sighvatsson | | |
| 115. | Magnús Blöndahl | —— „ 75.00 | Margir (46) | | |
| 116. | Guðrún Björnsdóttir | Ekki sinnt | ×Sigrún Ísleifsdóttir | | |
| | | 800 | ×Þóra Melsteð | | |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Tala | Kærendur | Breytingar | | Jafnaðarmenn | Breytingar | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Kr. 800.00 | | | | |
| 117. | Pétur Ingjaldsson | Ekki sinnt | | | | |
| 118. | Sigfús Blöndahl | Lækkað um | Kr. 13.00 | Guðm. Þórðarson bh. | | |
| | | | | Júlíus Árnason | | |
| | | | | Haraldur Björnsson | | |
| | | | | Guðm. Böðvarsson | | |
| | | | | O. J. Havsteen | | |
| | | | | Jóh. Nordal | | |
| | | | | Ólafur Runólfsson | | |
| | | | | Árni Sighvatsson | | |
| | | | | Sigrún Ísleifsdóttir | | |
| 119. | Einar Sigurðsson Grett. 33 | Ekki sinnt | | Anna Petersen | | |
| 120. | Guðbjörg Jónsdóttir | Fellt burtu | " 8.00 | | | |
| 121. | Guðm. Guðjónsson | Lækkað um | " 8.00 | | | |
| 122. | Guðjón A. G. Waage | Ekki sinnt | | | | |
| 123. | Þorgrímur Sveinsson | Fellt burtu | " 8.00 | | | |
| 124. | Hans Hoffmann | Lækkað um | " 5.00 | Þorsteinn Sigurgeirsson | | |
| | | | | × Winther | Hækkað um | Kr. 10.00 |
| | | | | Claessen | | |
| 125. | Valdimar Norðfjörð | — — | " 5.00 | × Kristinn Jónsson | — — | " 18.00 |
| | | | | Vald. Hansen | | |
| 126. | Jón Eyvindarson | Ekki sinnt | | Lúðvíg Lárusson | | |
| | | | | Hans Hoffmann | | |
| | | | | × Claessen | | |
| | | | | Sigurður Guðmundss. | | |
| | | | | × Sven H. Steen | Hækkað um | Kr. 10.00 |
| | | | | Guðm. Guðnason | | |
| 127. | Björn Gunnlaugsson | Ekki sinnt | | | | |
| 128. | Guðrún Gunnlaugsd. | Fellt burtu | " 4.00 | | | |
| 129. | Anna Breiðfjörð | Lækkað um | " 10.00 | × Steinunn Thorarensen | | |
| | | | | × Hotel Ísland | | |
| 130. | Hjörtur Fjeldsted | Lækkað um | " 10.00 | Smjörhúsið | Hækkað um | " 10.00 |
| 131. | Ingibjörg Guðmundsd. = | Kærandi ekki sint! ~~[illegible]~~ | | | | |
| 132. | Ingimundur Einarsson | Lækkað um | Kr. 6.00 | Halldór Guðmundsson | | |
| | | | | Jón Guðmundsson | | |
| 133. | Sveinn Jónsson | Ekki sinnt | | | | |
| 134. | Gísli Björnsson | — — | | | | |
| 135. | Gísli Helgason | — — | | Ástráður Hannesson | | |
| | | 877 | | Sigrún Ísleifsdóttir | | |
| | | | | Emil Jensen | | |
| | | | | V. Claessen | | |
| | | | | Eyjólfur Þorkelsson | | |
| | | | | Jón Þorvaldsson | | |

30.00

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Tala | Kærendur | Breytingar | Jafnaðarmenn | Breytingar |
|---|---|---|---|---|
| | | | Þorkell Þorláksson | |
| | | | Sigurgeir Einarsson | |
| | | Fl Kr. 877.00 | L. G. Lúðvígsson | |
| 136. | Eggert Brandsson | Lækkað um Kr. 4.00 | | |
| 137. | Halldór Jónsson | —— — „ 25.00 | Sighv. Bjarnason | |
| | | | Björn Kristjánsson | |
| 138. | Guðm. Helgason Hvg. 46 | Lækkað um „ 10.00 | | |
| 139. | Arnbjörn Gunnlaugsson | Ekki sinnt | | |
| 140. | Ólafur Bjarnason Mið. 8 | —— —— | +Guðm. Gunnlaugsson | Hækkað um Kr. 9.00 |
| 141. | Margrét Björnsdóttir | —— —— | | |
| 142. | Sveinn Guðmundsson | Lækkað um „ 4.00 | | |
| 143. | Jón Ófeigsson | —— — „ 10.00 | +Böðvar Kristjánsson | —— — „ 15.00 |
| | | | Ágúst Bjarnason | |
| 144. | Jón Tómásson | —— —— „ 13.00 | | |
| 145. | Jón Baldvinsson | Ekki sinnt | Aðalbjörn Stefánsson | |
| | | | +Guðm. Gunnlaugsson | |
| 146. | Jónas Jónsson | Lækkað um „ 5.00 | Félagsbókbandið | |
| | | | Guðm. Gamalíelsson | |
| | | | Hotel Island | |
| | | | J. V. v. D. Claessen | |
| | | | Magnús Vigfússon | |
| | | | Sveinn Jón Einarsson | |
| 147. | Jafet Sigurðsson | Ekki sinnt. | | |
| 148. | Einar Runólfsson | Lækkað um „ 9.00 | Jón Sigurðsson. | |
| 149. | Ari Jónsson | —— — „ 70.00 | Lárus Benediktsson | |
| | | | Björn Ólsen | |
| | | | Jón Jensson | |
| | | | Jón Jakobsson | |
| | | | Knud Zimsen<br>Morten Hansen | |
| | | | Einar Arnórsson | |
| | | | Halldór Þórðarson | |
| | | | Friðrik Jónsson | |
| | | | Guðm. Ólsen | |
| | | | Kristján Þorgrímsson | |
| | | | Steingr. Guðmundsson | |
| | | | Vilhj. Bjarnarson | |
| | | | Pálmi Pálsson | |
| 150. | Ragnheiður Ólafsdóttir | Fellt burtu Kr. 6.00 | | |
| 151. | Kristjana Kristjánsdóttir | —— —— „ 4.00 | | |
| 152. | Pálína S. Pálsdóttir | Ekki sinnt | | |
| 153. | Ragnhildur Gestsdóttir | Fellt burtu „ 4.00 | | |
| 154. | Margrét Jónsdóttir | —— —— „ 6.00 | | |
| | | 1047.00 | | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Tala | Nr. | Kærendur | Breytingar | Jafnaðarmenn | Breytingar |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | Kr. 1047.00 | | |
| 155. | Sigurður Sigurðsson | Lækkað um | Kr. 4.00 | | |
| 156. | Margrét Þorleifsdóttir | Fellt burtu | " 6.00 | | |
| 157. | Jóhanna Kristjánsdóttir | Ekki sinnt | | | |
| 158. | Guðlaug Árnadóttir | Fellt burtu | " 4.00 | | |
| 159. | Indriði Einarsson | Lækkað um | " 20.00 | Eggert Briem<br>Jón Jensson | Hækkað um Kr 20.00 |
| 160. | María Ámundadóttir | Ekki sinnt | | | |
| 161. | Helgi Bjarnason | Fellt burtu | " 16 | | |
| 162. | Hans A. Jóhannesson | Ekki sinnt | | Hermann Jónasson | |
| 163 | Guðrún Þorfinnsdóttir | Fellt burtu | " 4.00 | | |
| 164. | Jón Halldórsson Njáls. 50 | Ekki sinnt | | | |
| 165. | Marta Stephensen | Lækkað um | " 4.00 | | |
| 166. | Ingveldur Sveinsdóttir | Ekki sinnt | | | |
| 167 | Ólafía Guðmundsson N.st. 4 | Fellt burtu | Kr. 4.00 | | |
| | | Fellt burt án kæru | | | |
| 168. | Bjarnína Sigmundsdóttir Berg 8. | | Kr. 4.00 | | |
| | | | 1107.00 | | |

Villads Sandholt Á vitaðum á skrá – fellur burt á öðrum staðnum Kr. 16.00
Jón Magnússon Lv. 28 A — — — — " 14.00
Friðrik Hallgrímsson Bergst.st. 30 — — — — " 20.00
Guðmundur Andrésson Njálsg. 23 — — — — " 12.00

62.00

Nýir gjaldendur

E. Chouillou kolakaupmaður " 200.00
Völundur hlutafjel. " 300.00
A. Obenhaupt umboðssali " 150.00
Bergsteinn Jóhannesson steinsm. Spítalast. 8 " 16.00
María Jónsson Grettisg. 6 " 4.00
Gufubátsfjelag Faxaflóa " 50.00

Lækkanir og undanþágur Kr. 1179
Hækkanir og nýir gjaldendur " 991
Mismunur Kr. 188

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1.

Mér til mikillar undrunar hefi eg séð það í niðurjöfnunarskrá Reykjavíkur, þeirri sem prentuð er, að mér sé ætlað að greiða í útsvar til bæjarins 85 - sjötíu og fimm - krónur. Sé þetta ekki prentvilla, leyfi eg mér að mælast til, að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd taki þennan lið skrárinnar til nýrrar athugunar og taki þá tillit til þess, sem hér fer á eftir.

Í fyrra var útsvar mitt fært upp í 40 krónur. Flest árin þar á undan hafði eg að eins greitt 8 krónur. Þessi hækkun mun hafa verið gerð með tilliti til fjár þess úr landssjóði, er mér var veitt á þinginu 1907. Eg bar þá þessa tilfinnanlegu hækkun möglunarlaust, en af því að hagur minn stendur ekki mikla betur nú en þá var, finst mér þessi nýja hækkun blátt áfram engri átt ná.

Eg skal nú gefa hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd skýrt yfirlit yfir tekjur mínar, enda er það ofurhægt. Eg vinn í prentsmiðjunni Gutenberg 7 kl.stundir daglega og fæ fyrir það 15,96 kr. á viku. Þessi fjárhæð rýrnar nokkuð við það, að eg er jafnan nokkurn tíma á ári hverju frá verkum - oftast utan bæjar - bæði mjer til heilsubótar og ekki síður til að búa mig undir ritstjo ritstörf mín, sem mér er skylt að rækja sem bezt vegna landssjóðsstyrksins. Er þótt þessi laun séu talin óskert, nema þau ekki nema rúmum 800 kr.

Við þetta bætast 800 krónur úr landssjóði hvort árið 1910 og 1911. En tekjur af ritstörfum mínum er ekkert við að áætla meiri en 250 kr. á ári. Þá liggur það í augum uppi, að tekjur mínar ná ekki 2000 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ef tekið er nú tillit til þess: 1.) <u>að</u> ég á engar þær eignir, sem gefa af sér tekjur — 600 kr. í Gutenberg-hlutafélaginu tel ég ekki, enda hvíla skuldir á þeirri eign — 2.) <u>að</u> ég hefi barn til forsorgunar, sem annars mundi vera á fátækraframfæri, og verð eins þá að greiða fyrir það fult skólagjald í barnaskóla bæjarins. 3.) <u>að</u> mér var bolað frá allgóðri atvinnubót við síðasta alþingi, sem ég hafði áður haft, og 4.) <u>að</u> ég er talsvert farinn að þreytast af mjög mikilli vinnu andlegri og líkamlegri, og mjög illri atbúð framan af æfinni — þá vona ég að allir sjái, að hér er um of þunga gjaldabyrði til almenningsþarfa að ræða.

Ég skal einnig leyfa mér að benda á það, þó að það ætti að vera óþarfi, að í byrjun þessa árs misti ég allar muni mína við húsbrunann. Að vísu var alt vátrygt, eftir því, sem ég hafði ætlað að sanngjarnt væri, en nú er það leitt í ljós, að sú vátrygging hefir verið of lág. Hve miklu ~~mikið~~ það skakkafall, sem ég hefi orðið fyrir af brunanum, nemur efnalega, er mér ekki unt að segja með vissu. Ég læt nægja að benda á, að þar fórust nokkur ritverk og drög til ritverka, sem ég var búinn að leggja mikla vinnu í og verð nú að vinna að nýju. Þetta var ekki vátrygt og það geta engir peningar bætt. Þetta tjón er <u>umfram</u> alt efnalegt tjón af eldinum, sem beinlínis getur talist svo.

Mér er ógeðfelt að skorast undan gjöldum til almennra þarfa, og hefi aldrei gert það fyr en nú. En nú leyfi ég mér að ~~mælds~~ mælast til þess, að hin háttvirta fjárniðurjöfnunarnefnd færi útsvar mitt niður úr 75 kr. ofan í 50 kr.

Virðingarfylst
Guðmundur Magnússon

Rvík 19. marz 1910

Til Niðurjöfnunarnefndar [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2.

Jeg hef heyrt að hin heiðraða niðurjafnunar-nefnd Reykjavíkur hafi lagt á mig Kr. 8.oo útsvar; og af því mjer finst þetta útsvar ekki rjettlátt, og jeg að hinu leytinu þykist viss um, að það muni koma til af því, að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd muni eigi nægilega kunn ástæðum mínum, þá leyfi jeg mjer hjermeð, jafnframt og ég kæri útsvar þetta, að skýra henni frá högum mínum.
Það er ómögulegt annað að segja en jeg sje algjörlega heilsulaus manneskja. Það er minst þó jeg þoli alls ekki neitt að gjöra, og þarf þarafleiðandi að fá aðra til að gjöra hvert viðvik fyrir mig, t. d. þjónustu-brögð. o. m. fl., hitt er miklu verra að jeg þarf altaf að hafa manneskju hjá mjer á nóttunni til að hjálpa mjer að hagræða mjer, því án þess get jeg als ekkert sofið, þarsem sjúkdómur minn er aðallega ákaflega taugaviðkvæmni og veiklun fyrir hjartanu svo jeg þoli hvorki hita eða kulda, þoli ekki að sofa nema í köldu járnvírsrúmi, má aldrei breiða nokkra ögn lengra ofan á mig en upp að mitti, vegna hjartasjúk-dóms míns, og þarf þarafleiðandi við og við að láta leggja ögn í ofninn, sem þó má ekki vera of mikið. Hef jeg í vetur orðið að borga stúlku þeirri sem verið hefur hjá mjer á nóttunni Kr. 0.50 fr. nótt, og er

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

það ekki meira en prestsekkju-eftirlaun mína eru; þau eru 150.00 kr. Auk þess hefi jeg í 8 mánuði haft „massage", og eytt þar miklu, svo og í aðra læknishjálp og lyf, sem þó hefur ekki orðið til neins gagns, því heilsa mín hefur altaf farið hríðversnandi síðan jeg kom hingað til Rvíkur.

Jeg hefi heyrt að menn ættu að bera sig saman við aðra. Jeg er lítt kunnug ástæðum manna hjer í Reykjavík, en samt vil jeg leyfa mjer að bera mig saman við frú Margrjetu Magnúsdóttur Skólavörðustíg 31 sem hefur 6.- kr útsvar, og frú Sigríður Þóleifsdóttur, Tjarnargötu 18, sem hefur kr. 10.- útsvar.

Vona jeg að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd taki þessa kæru mína til greina, og það því fremur að jeg get sýnt nefndinni læknisvottorð um það, að jeg hafi sagt rjett til um heilsu mína.

Að endingu vil jeg geta þess, að jeg hefi í hyggju að flytja mig burt úr Reykjavík í vor, og á jeg þá eflaust ekki að borga útsvar nema fr. hálft ár.

Virðingarfylst

Reykjavík, Klapparstíg 1 B; 21.-3.-1

Jóhanna Jónsdóttir
prófastsekkja frá Viðvík

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavík

3.

Reykjavík Ránargötu 23. 26 mars 1910

Jeg hef séð í niðurjöfnunarskrá Reykjavíkur fyrir árið 1910. að mjer er gert að greiða Kr. 30.oo í aukaútsvar þ.á. Jeg verð að láta óánægju mína í ljósi yfir þessu, og spyr hina hátt. nefnd. að því hvort hún álíti að efni mín og ástæður hafi hjerumbil tvöfaldast síðan síðasta útsvar var lagt á (1909). jeg segi hiklaust nei og aftur nei. jeg þikist vita að niðurj. nefndin hafi haft eitthvað fyrir augum þegar hún lagði þetta gjald á mig. og það mun það hafa verið það, að jeg átti að vera með fiskiskip næsta úthald, jú það átti að vera svo: En svo við byrjunina verð jeg svo óheppinn að veikjast og legst í rúmið og varð að hætta við það að svo komnu. og er veikur enn. og ekki víst hve nær jeg verð vinnufær. þetta eru

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þær gildu ástæður sem jeg færi fram
fyrir umkvörtun minni, og jeg vona til
svo góðs að hin. heiðraða niðurj. nefnd
taka þetta til greina, og jafnframt
krefst jeg lækkunar á útsvari mínu
minst frá 7–10 Kr.

Virðingarfyllst

Sölvi Vigfúsdarson
Ránargötu 23.

Til

Niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur-Kaupstaðar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4.

Hjer með leyfi jeg mjer virðingarfyllst að fara þess á leit við hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur Kaupstaðar, að hún vildi lækka aukaútsvar mitt, niður í 10–12 krónur, úr 16 Kr. sem það er nú, á aukaútsvars skránni. Jeg treysti mjer ekki að bera meira útsvar, en jeg hefi tiltekið, og öll sanngirni virðist mæla með því, eptir ástæðum mínum að dæma.

Sjálfur er jeg aðeins fátækur daglaunamaður, og hefi því miður ekki vinnu nema öðruhverju, og ennfremur hefi jeg að sjá fyrir heilsulítilli móður minni, sem er komin hvað heilsu snertir og aldur á mjög fallandi fót. Hvað viðvíkur því að það er satt sem jeg segi, munuð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þið fullvissast um, ef að þið vilduð gjöra svo vel og grenslast eptir ástaðum mínum hjá kunnugum mönnum.
Jeg treysti hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd, að taka þjeða beiðni mína til greina.

Reykjavík 21 marts 1910

Virðingarfyllst.
Guðm Ól Pjetursson
Laugarveg 46 B

Til niðurjöfnunarnefnar
Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5.

Á niðurjöfnunarskrá Reykjavíkur 1910 sje jeg að mjer er ætlað að greiða 20 krónur í aukaútsvar til bæjarsjóðs þetta ár. Gjald þetta álít jeg langt of hátt og mjer ofvaxið að greiða af þeim ástæðum, sem nú skal greina:

Jeg er alveg eignalaus maður, kominn á sjötugs aldur, og get ekkert unnið vegna þess jeg tvíkviðslitinn, og varð jeg fyrir því slysi að hnjeskeljarnar á báðum fótum brotnuðu. Önnur þeirra greri reyndar saman aptur, en hin er enn, og verður alltaf, í tvennu lagi, og því er jeg ófær til allrar vinnu. Kona mín, sem er nokkru eldri en jeg, er mjög heilsulin, og getur því mjög lítið unnið. En svo er hjá okkur sonur okkar, sem er rúmlega tvítugur, og við höfum ekkert annað við að styðjast okkur til lífsframfæris en það, sem hann með almennri vinnu sinni getur unnið okkur inn. Eru því hagir okkar þröngir, þar sem jeg, eins og áður er sagt, er alveg eignalaus, og er þar að auki í ýmsum skuldum, þar á meðal á annað hundrað króna skuld til kaupmanns Gunnars Gunnarssonar í Reykjavík, sem opt hefir lánað mjer lífsnauðsynjar í vandræðum mínum, og honum verð jeg að borga skuld þessa að því leyti, sem mjer er mögulegt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Af framangreindum ástæðum leyfi jeg mjer virðingarfyllst að fara þess á leit við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd að hún setji framangreint 20 kr aukaútsvar mitt niður um helming, eða niður í 10 krónur, því það álít jeg eptir ástæðum mínum og í samanburði við marga aðra gjaldendur bæjarins sanngjarnt vera.

Barónsstíg 18 í Reykjavík, 21. marz 1910.

Virðingarfyllst.

Þorfinnur Jónsson.

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6.

Jeg undirritaður leyfi mjer hjermeð að fara þess á leit við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur, að aukaútsvar það, er hún hefur lagt á mig, að upphæð 50 - fimmtíu - krónum, verði fellt niður sökum þess að aukaútsvar er lagt á mig í Norðfjarðarhreppi, enda rek jeg verzlun mína og allan sjávarútveg þar.

Reykjavík 22. marz 1910

Virðingarfyllst.

Gísli Hjálmarsson

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7.

Þegar eg las Niðurjöfnunarskrána
a sá eg að Niðurjöfnunarnefndin hefur
lagt á mig 6 krónu aukaútsvar. ~~sem~~ eg
álít að hafi verið gjört af þekkingarleysi
nefndarinnar á ástæðum mínum og
Efnahag. Eg hef haft fyrir börnum að
sjá til þessa. og hef því ekki getað betur
En frýjað mig fátækrastyrks. Eg er komin
þjett að Fimtugsaldri þvíbúin að slíta
kröptum mínum og orðin svo veikluð á
heylsu að eg er orðin ófær til stritvinnu
og hef því Ekkjert við að styðjast mjer
til aðdrátta nema smáhandtök innan
hús. á Eingan að til hjálpar mjer nema
sveitarstyrk þegar kraptar mínir eru að
þrotum komnir. Af svona ástæðum
Eins og eg hefi lýst þeim og get fengið
vottorð um að sannar eru. hefi eg góða
von um að hin heyðraða nefnd vægi eða
lini útsvar mitt. Eg mundi Ekki mótmæla
2–3 kr gjaldi hvað það snertir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

get eg Ekki álitið annað, en að nefndin leggi á vafnið L. kona en Ekki á Efnin valla er atlast til að eg selji af mjer fötin og Ekki mun eg fá styrk af sveit til að losa þettað uppsetta gjald hjer þar eg er Ekki hjer sveitlæg Eg vona að nefndin athugi umkvörtun mina á rjettan veg

Virðingarfyllst

Laugveg 46-B 26 Marts 1910.

Sigríður Sigurðardóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8.

ÁRNI JÓHANNSSON

Bjarka v. Grundarstíg

Reykjavík, 23-3-1910.

Hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd hefir lagt aukaútsvar (4 kr.) á Jakobínu Jósefsdóttur, sem nefndin kallar vinnukonu á heimili mínu.

Unglingsstúlka þessi kom hingað til bæjarins frá Akureyri nokkru fyrir jól í vetur og dvelur hér við nám (hannyrðir) 4-5 mánuði, - fer aftur norður til foreldra sinna í apríl eða maí næstkomandi.

Ég leyfi mér því fyrir hennar hönd að krefjast þess, að útsvar hennar verði felt burtu og vænti þess, að nefndin taki þá kröfu fúslega til greina að fengnum þessum upplýsingum. -

Virðingarfylst

Á. Jóhannsson

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9.

# Útsvarskæra.

Jeg undirritaður Jónas Jónsson Mýrargötu 1 leyfi mjer hjer með gjöra kunnugt hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur að aukaútsvar mitt í fyrra og nú sje svo miklum mun hærra en nád geti nokkurri átt, svo framarlega sem ekki ná lög til að taka af einum eða öðrum það sem hann kann að hafa til hnífs og skeiðar umsvifalaust. Jeg kom hingað 2 júní í fyrrasumar að algerðu atvinnuleysi til lands og sjáar það sem öll skip voru þá farin út; hafði orðið að láta það litla jeg átti vegna ábyrgða og annara skulda og taka svo grant að jeg seldi af mjer fötin og þar að auki taka hátt á annað þúsund króna lán til að borga með. Konan algerlega heilsulaus. Frá fyrgreindum tíma og með þessum ástæðum er lagt á mig í fyrra 16 kr. Hú bætist það við að jeg í júní í sumar veiktist af brjósthimnubólgu og lá algerlega í rúmið 1 júlí og má ekkert vinna fá sumrinu. Hafði vitanlega 30 kr. um mánuðinn í fæðispeninga þrjggja mánaðatíma sem jeg stundaði nám hjá Sláturfjel. en varð að leggjast hvað lítið sem út af bar og heilsa min enn á svo völtum fæti að ekki er nema einstaka vinna sem jeg mætti gefa mig í, og þó með sjerstakri varfærni, hef nú barn á 1 ári, og engar líkur til að konan fái þá heilsu að hún geti gengið um sitt. Hjer af getið þið sjeð að tekjurnar eru engar, en stór kostnaður við heilsuleysi og þar af leiðandi skuld á skuld ~~ekki~~ ofan til að geta dregið fram lífið. Sje því nokkur sanngyrni til,— Kefst jeg þess að nefndin taki þessa kæru fyllilega til greina, því ómögulegt verður að taka þar neitt sem ekkert er til annað en botnlausar skuldir og algert atvinnu og heilsuleysi. Virðingarfyllst.

Reykjavík 20 mars 1910

Jónas Jónsson

Til

niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10.

Reykjavík 20 Marz. 1910.

Þar sem jeg og konan mín erum mjög heilsutæp og jeg ekki getað unnið neitt í fleiri vikur mælist jeg til að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur færi útsvar mitt niður að mun, hvað sýnist rangt að leggja á mig 16 Krónur í samanburði við Frú Sigrúnu Ólafsson (Augnl.) o. fl. Jeg óska þess, að þessari beiðni minni verði sint af hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd.

Virðingarfyllst.

Hannes Júlíusson
Vatnsstíg 8.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11.

Þar sem jeg er orðin gallaður og lúinn maður og í fyllsta máta eignalaus og þar af leiðandi hef ekkert annað við að styðjast, með konu minni og barni okkar til lífsframdráttar en mjög svo stopula daglauna vinnu, og þar ofan á bætist heilsubrestur konu minnar sem komin er hátt á sextugs aldur, jeg get því engan vegin skilið í því, hvernig hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd hefur getað fundist það réttmætt að hækka beri á mjer aukaútsvar um rúman helming þetta yfirstandandi ár, það virðist þó hafa verið nægilega hátt útsvar mitt undanfarin ár þær 12 Kr. sem á mig hafa verið lagðar. jeg geng út frá því sem vísu að þessi 13 Kr. hækkun á útsvari mínu í ar hlýðni að vera sprottin af vanþekkingu á efnum og ástæðum mínum, ef hin háttvirta

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

niðurjöfnunarnefnd. byggir útsvarsgjald
mitt sem annara á þeim grundvelli,
að saman búandi við mig. vil jeg að eins
benda á einn af mörgum sem jeg gæti
tekið til samanburðar við mig, er Magnús
Jónsson ökumaður á Njálsgötu húseigand-
andi efnamaður, sem frá Maí er gjört
að greiða þessa útsvar en 16 krónur,

Út af þessu tjeðum ástæðum vona jeg og
treysti því, að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd
gjöri að lækka útsvar mitt; það minnsta
um þær 13 kr. sem hún auðsjáanlega af
þekkingarskorti á efnum og ástæðum mínum
hefur nú hækkað á mjer um,
enda ber jeg fullt traust til hinnar
háttvirtu nefndar, um að hún muni
gjöra það.

Reykjavík 29 marts 1910
virðingarfyllst
Sigurður H. Jónsson
Laugaveg 71

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12.

Laugaveg. 48

Með því að Niður jöfnunar nefndinni hefur þóknast að leggja á mig útsvar 10. kr. þá finn ég mig knúðann til að kæra útsvarið. og það verði algjörlega strikað út sömuleiðis útsvarið það í fyrra. ég hef fyrir ómaga að sjá. og er algjörlega eigna laus maður. Nú er ég hjá uppgefnum foreldrum. og þeim fátækum. þar af sjáist ástæðurnar

Virðingar fyllst

Reykjavik 27/3 1910

Konráð Benjamin Oddsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til Niður jöfnunar
nefndarinnar í Reykjavik

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13

Heydrada Nidurjöfnunarnefnd

Þegar eg las Niðurjöfnunarskrána sá eg ad En
i þridja sinn sidan eg kom hjer til Bæjarins hefur
verid lagt á mig ad borga 18 krónur i aukaútsvar
sem eg áli Ekki hef verid fær um ad gjalda
því atvinna min hefur verid sára lítil i
þessu plássi. heldur hef eg ordid ad fá hana
hingad og þangad i ödrum plássum en þad er
þó er þad nú Ekki adalorsök til þess ad eg skrifi
þessar linur, eg er nú kominn hátt á sextugs
aldur. og mjög mikid farinn ad tapa vinnu-
kröptum og Efni min eru á lægsta stigi og
nú i vetur vard eg ad fara frá heymili
minu til ad vinna mjer fyrir mat ad mestu
leyti. fólk mitt er heylsubilud kona um
Fimtugs aldur og ungling fyrir innan ferm
ingu, því hefdi eg setid heyma þennan vetur
hefdi eg aungvanveigin komist af án styrks
af sveit. fyrir þettad ástand mitt er þad ad
eg kvarta um upphæd gjaldsins. og því dirfist
eg kvarta og þad gjöri eg af fullum ástædum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og vona ad hin Heydrada nefnd álíti samgjarnt ad gjaldið mætti lækka Eitthvad dálítið þad eru margir frískir menn til allrar vinnu med betri Efnum hafa minna gjald Eg vona alls hins besta ad þettad mætti lagast þegar nefndin veit um ástæðurnar og Efnin

Virdingarfyllst

Hverfisgötu 42 29 Marts 1910

Sigurdur Runólfsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14.

Nú samstundis barst mér í hendur útsvarsreikningur minn og sé eg á honum, að hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd hefur þóknast að leggja á mig 200 kr. aukaútsvar. Eg get ekki skilið á hverju nefndin byggir þetta, að leggja á mig svona hátt útsvar, þar sem eg nú hefi engar fastar tekjur. Henni ætti að vera það kunnugt, að eg hefi nú enga verslun, enga ljósmyndastofu og sem bankaráðsmaður í Íslandsbanka er eg ekki lengur, þar sem síðasta þing kaus annan í minn stað og tekjur mínar sem útflutningsstjóra eru nú í seinni tíð ekki að telja. Þær einu tekjur, sem eg hefi nú, er leiga af húsi mínu, en af henni gengur mestur hluti til afborgana skulda, sem á því hvíla og viðhalds. Og þótt þetta sé svona, þá er eingu að síður lagt á mig eins mikið og meira útsvar, en vellaunaða embættismenn hér í bænum og skal eg hér telja upp nokkra til samanburðar.

Jón Jensson yfirdómari, sem mun hafa 4000 kr. laun, hefur ekki nema 140 kr. aukaútsvar; Amtmaður J. Havsteen, sem mun hafa um 4000 kr. í eftirlaun, hefur litlu hærra útsvar en mér er gjört, 250 kr.; Eggert Briem skrifstofustjóri, sem hefur 3500 kr. laun, hefur jafnhátt útsvar og eg; séra Guðm. Helgason, sem er ríkur maður með góð laun, hefur ekki nema 125 kr.; séra Lárus Benediktsson, sem með réttu er talinn auðugur maður, hefur þó ekki nema 140 kr. útsvar. Marga fleiri gæti eg talið upp til samanburðar, en læt þetta nægja og vona að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd sjái, að þessi kvörtun mín er

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á rökum bygđ. Í samanburđi viđ þessa menn, sem eg hef taliđ hér að framan, álít eg að útsvar mitt hefđi veriđ fullhátt sett 100 krónur.

Eg fjölyrđi ekki frekar um þetta mál, en vona að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd taki þessa kæru mína til greina.

Reykjavík, 30. Marzmán. 1910

Sigfús Eymundsson

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykja

15.

Þegar eg las Niðurjöfnunar-skrána
sá eg að Niðurjöfnunarnefndinni hefur
verið ókunnugt um ástæður mínar og atvinnu
krapt sem eg skal greinilega lýsa hjer
fyrst er það að eg er stórfatlaður maður
önnur hendin er visin sem ágjeríst heldur
og hindrar mig frá að gánga að margri
vinnu. þar að auki hef eg fyrir uppgjefnri
Teingdamóður að sjá sömuleyðis uppgefin föður
sem eg með systkynum mínum leggjum með
Eptir möguleigheitum þó er mjer gert 16 krónu —
Utsvar. þar að auki hef eg tekið mjer 2 menn
til samlíkingar. Guðmund Guðmundsson
Hverfisgötu 42 - sem líka hefur 16 kr útsvar
hraustur maður og frískur til allrar vinnu
að eins með konu og 1 barn. og svo Einar —
Einarsson Hverfisgötu 42 sem hefur 12 kr
útsvar. frískur maður og hefur opt góða
atvinnu aðeins með konu og 2 börn - eg hugsa
þó eg teldi fleyri til samlíkingar sem eg gæti
að það yrði lítið tekið til greina. En hvað —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

minnum eigin ástæðum viðvíkur vora eg og óska að hin Heyðraða nefnd vildi athuga uppá samsinilegasta máta, hefði eg haft báðar hendur heylar hefði eg ekki mótmælt þessu gjaldi. En ef eg mætti sjálfur tiltaka upphæð gjaldsins mundi eg stinga uppá 10 til 12 í staðin fyrir 16

Vyrðingarfyllst

Hverfisgötu 42 – 29 Marts 1910

Guðni Guðnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16.

Á útsvarsseðli þeim, er mjer undirskrifaðri er afhentur, sje jeg, að mjer er gjört 4 krón útsvar fyrir árið 1910. Þótt þetta útsvar geti nú máske ekki heitið mikið, væri jeg heilbrigð og fær til allrar vinnu, en því miður er ekki svo. Jeg hefi verið svo hið liðna ár að heita má optast nær handlama af einhverri þeirri veiki í höndunum og handleggnum, að mjer hefur verið lítt mögulegt að gjöra nokkurn hlut lengri og skemri tíma þrátt fyrir ítrekaðar lækningatilraunir og orðið þaraf leiðandi að neita góðri vinnu í sveit að sumrinu. Þykist jeg viss um, að hefði hin heiðraða nefnd vitað þetta mundi hún ekkert útsvar hafa lagt á mig og vildi nú þess fúsari að fella það af mjer, þegar hún fær að vita hið sanna og sem jeg vona og óska eptir að hún gjöri og að henni finnist þessi beiðni mín að öllu leyti sanngjörn.

Með virðingu

Reykjavík 30. Marz 1910.

Margrjet Ögmundsdóttir
Lækjargötu 10 A

Til niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17-18.

Með því að við undirritaðar sjáum okkur eigi fært að una við útsvar það er hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd hefur lagt á okkur árið 1910. og þar sem þettað mun hafa verið gert af ókunnugleik nefndarinnar, þá leyfum við okkur að skýra henni frá ástæðum okkar. Jeg Elín Árnadóttir er 50 ára gömul og [illegible] heilsunnar vegna að geta unnið fyrir mjer, og sonur minn Ólafur M. Eyjólfsson sem hjá mjer er (ekki lausamaður) var prentnemi og varð að hætta námi í vor síðast liðið af heilsuleysi, og getur heldur ekki unnið neina vinnu. Við höfum því orðið að draga fram lífið mest af því sem gott fólk hefur hjálpað okkur; þá er það ósk okkar og tilmæli að útsvar okkar beggja verði fellt í burtu af hjergreindum

vð

á stöðum, sem að öllu eru samlíkanum samkvæm.

Grjótagötu 10 Reykjavík 29. marz 1910

Elín Árnadóttir

Ólafur M. Eyjólfsson

Til

niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19.

Hjer með leyfi jeg mjer virðingarfyllst að fara þess á leit við hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur-kaupstaðar, að henni mætti þóknast að fella í burtu auka út-svar það er hún hefur ætlast til að jeg greiddi í bæjarsjóð fyrir yfir-standandi ár að upphæð Kr. 6.00.

Ástæðan fyrir þessari beiðni minni er sú, að jeg er að-eins nemandi í klæðasaum, samkvæmt hjer með fylgjandi vottorði frá húsbónda mínum þarum. Af báðum ástæðum vænti jeg að hin hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd verði eftir til mælum mín-um í þessu efni.

Reykjavík 31 Marz 1910

Virðingarfyllst

Guðfinna Magnúsdóttir
(Bókhlöðustíg 11.)

Til niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**Klæðaverzlunin Ingólfur.**
**(forstm.: Guðm. Sigurðsson)**

VÖRUMERKI

TELEGRAMADR.:
**KLÆÐAVERZLUNIN INGÓLFUR.**
TELEFON NR. 77.

Reykjavík 31 Merts 1910

Að stúlkan Guðfinna Magnúsdóttir Bókhlöðustíg 11. hjer stundar sauma sem námstúlka á Saumastofu minni nú og undanfarið ár, án endurgjalds. Vottast hjer með

Guðm. Sigurðsson
Klæðskeri

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

20

1

Hérmeð leyfi ég mér virðingarfyllst að fara þess á leit við hina háttvirtu Niðurjöfnunarnefnd í Reykjavík að henni mætti þóknast að fella í burtu aukaútsvar það er húnn hefur ákvað til að ég greiddi í bæjarsjóð fyrir yfirstandandi ár að upphæð Kr. 4.00. Ástæðan fyrir þessari beiðni minni er sú, að ég stunda nám hér í bænum í vetur og fer héðan úr bænum innan skamms, og að lögheimili mitt er á Eskifirði og þar ber mér að borga útsvar.

Virðingarfyllst.

Reykjavík, 31. marts 1910.

Vilborg Árnadóttir

(námsmey frá Eskifirði).

Borgþórshúsi Grjótagötu.

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Klæðaverzlunin Ingólfur.
## (forstm.: Guðm. Sigurðsson)

VÖRUMERKI

TELEGRAMADR.:
**KLÆÐAVERZLUNIN INGÓLFUR.**

TELEFON NR. 77.

Reykjavík 31 Marts 1920

Að stúlkan Vilborg Árnadóttir Borgfjárshúsi Grjótagötu hafi stundað saum á Vinnustofu minni um yfirstandandi vetur án endurgjalds vottast hjer með

Guðm. Sigurðsson
Klæðskeri

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

21.

Hér með gefst hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd til kinna að að égundir ritaður. Tel vankvæði mín á að borga svona hátt bæjargjald það sem á mig er lagt. Því ég hef orðið fyrir svo miklum veikind-um þetta ár fyrst konan mín í vetur fram á vorið og ég var yfir verklaus í svo ég í rúminu nú og er skipað að liggja í þrjár vikur fyrst um-sinn og atvinnu laus í allan vetur svo ég skil ekki að mér beri svona hátt útsvar. á móts við suma til að minda Jóssafat á Ránar götu og fleyri mætti nefna ef þess væri þörf. enn ég skil ekki í því að það þiði. Því ég kvarta fyrir sjálfan mig. enn vil vera laus

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við að ala öðrum nektir nema brín
nauðsin beri til. ég treisti ikkur
til að líta sanngjörnum augum
á mál mitt.

Virðingarfilst
Reykjavík 23 marz 1910

Einar Hildibrandsson

~~Bra~~ Bergstaðastíg. 39

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

22

1 april 1910.

á hjer með lögðum Sedil, sem til mín var nílega borinn, sje jeg, að mjer er gjört að borga, hjer í bæarsjóð Aukaúts svar krónur 4.
Mjer skilst svo, að niður jöfnunar nefndinni, hafi ekki verið kunnugt, að jeg vinn hjer vistraðið árs hjú, fyrir barni mínu 8 ára að aldri. jeg hefi því ekkert, eingin efni til, að borga þettað Útsvar með, nema íverufatnað minn, vona einnig að ekki verði stráingara að mjer geingið, enn öðrum þeim stúlkum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem einn stendur á fyrir
og eru í vist, og vinna fyrir
barni sínu — enn er ekkert
útsvar gjört að greiða í bæjar
sjóð, á það gjet jeg bent, hjer
nálægt mjer.

Með virðingu
Margrjet. Jóhannsdóttir.

Til
Niðurjöfnunarnefndar
Reikjavíkur bæjar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**№** 1498

~~Herra~~ Jóhannsdóttir Margrét

ekkja Þingh. 15

á að greiða í bæjarsjóð árið 1910:

| | | Kr. | Aur. |
|---|---|---|---|
| 1. | **Aukaútsvar** . . . . . . . . . | 4 | |
| 2. | **Gjald af bygðri lóð** . . . . . | | |
| 3. | — — **óbygðri lóð** . . . . | | |
| 4. | **Lausafjártíund** . . . . . . . | | |
| 5. | **Fasteignartíund** . . . . . . | | |
| | *Samtals* | 4 | — |

**Fyrri helmingur gjaldsins greiðist 1. apr. þ. á. en síðari helmingurinn 1. október þ. á.**

Sé gjaldið eigi greitt á réttum gjalddaga, verður það tekið lögtaki á kostnað gjaldanda samkvæmt lögum 16. desember 1885.

*Reykjavík, 15. marz 1910.*

B. Jósefsson

*Bæjargjaldkeri.*

*Borgað:*

*Borgað:*

**Afgreiðslustofan á Laugaveg 11 opin 11—3 og 5—7.**

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gutenberg 1910.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

23

Jeg undirritaður leyfi mjer hjer með að benda hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd á, að jeg hef nú verið hjer í bænum í full 8 ár og hefur nefndin ekki áður lagt á mig aukaútsvar. Með því að ástæður mínar eru engu betri nú en undanfarin ár, þar sem jeg er ekki orðinn fær til vinnu vegna elli og heilsubrests, þá vil jeg leyfa mjer að biðja hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd, að leysa mig af aukaútsvari því, 4 kr., sem hún hefur lagt á mig fyrir þetta ár.

Reykjavík 30/3. 1910

Virðingarfyllst

[illegible] Árnason

Grettisgötu 10

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

24 Sökum þess að eg er orðin Lasburða og þrotin að vinnukröptum að miklu Leyti þar sem eg er orðin 5? ára gömul og fynst að mjer sje gjört órjett að Jafna mjer við úngar og friskar Lausakonur í gjöldum, þar sem eg á að gjalda 6 kr í aukaútsvar, En hef als Ekkjert að styðjast við hvorki frá Einni síðu Eða annari útan það litla sem eg get gert í höndunum Eða viðvikum rjett til að halda við til Lífsframfærslu án þess að verða að knýja á styrkveitingu meðan það getur svo verið. Því Leyfi eg mjer hjer með að fara þess á Leyt að það mætti lækka gjald mitt og helst að það mætti falla niður, og vona að það verði samvirkusamlega athugað af þeim sem hafa völd og vilja til þess

Virðingarfyllst

Suðurgötu 11 Brunnhúsum 30 Marts 1910

Kristín Ingimundardóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hotel Reykjavik –
Reykjavik d. 1 April 1910

25.

Til

Ligningskommissionen

Reykjavik

Efterat have modtaget Skatteopkrævningsblanket N. 2959 lydende paa Kr 175 for Aaret 1910, skal jeg tillade mig at göre opmærksom paa, at da jeg först efter Flyttedag i Maj har faaet Ophold i Byen og först kom hertil 8 Februar d. A, saaledes at jeg maa betale Skat til Kjöbenhavns Kommune for Januar Kvartal d. A, anser jeg mig ikke forpligtet til at betale den pr 1 April opkrævede Halvdel af Skattebelöbet, der er mig paalignet, og som forövrigt neppe kommer til at staa i passende Forhold til mine Indtægter i dette Aar.

Jeg imödeser Meddelelse om, at der i det paalignede Belöb maa fraregnes det Skattebelöb, der bliver at betale i Kjöbenhavn pr Januar Kvartal 1910.

Med Höjagtelse

Carl Trolle

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

26

eg undir skrifuð get
ekki borgað eitt svar sem
eru 4 krónur af því jeg
verð að láta kaup mitt
ganga með barni sem
sem jeg á

virðingarfyllst

Sigurlaug Þórðardóttir

þjenandi við kvenna
Skólan Fríkyrkjustíg 9

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

27.

Jeg undir skrifuð
get ekki borgað sveitar
útsvar sem er sett á mig
4 krónur þar sem jeg
verð að ~~borga~~ láta kaup
mitt gánga mið í maga
og hef aungvan af gáng
averðíngar þilst

Þuríður Sigurðardóttir
vinnukona Laugarveg.
71

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

28.

Reykjavík 2. apríl 1910.

Til niðurjöfnunarnefndarinnar í Rvík.

Af því mér þykir það ójafnt skift, að Hallgrímur J. sonur minn prentari greiði í útsvar til bæjarins 36 krónur og 12 aura en ég ekkert, þá vil ég hér með fara þess á leit, við háttvirta niðurjöfnunarnefndina að hún nú þegar breyti þessu og láti mig borga af nefndri upphæð alt að 10. krónum og leggi á mig, dálítið útsvar framvegis, meðan ég hefi bærilega heilsu. Hinsvegar þykir mér alls ekki tilvinnandi, fyrir nokkrar krónur, að hafa ekki kosningarrétt til alþingis.
Þetta vil ég innilega biðja nefndina að taka til greina

Virðingarfyllst.

Benidikt Ásgrímsson.

Bergstaðastræti 19.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

29.

Útsvars-kæra

Skólavörðustíg № 17 A. 2/4 -10

Háttvirta niðurjöfnunarnefnd.

Útaf útsvari því sem ofangreind nefnd hefir lagt á mig við síðustu niðurjöfnun. Sem eru 6.00 kr. Er ég til neydd. sökum fátæktar að fara þess virðingarfyllst á leyt við háttvirta niðurjöfnunarnefnd. að hún nemi í burtu með öllu það útsvar sem mér er gjört hér í ár.

Ástæður fyrir ofangreindri kröfu minni tilfærist þannig. Heimili mitt er vestur á Ísafirði. Og þar er mér sett sveitarútsvar. Ég fluttist hingað til Reykjavíkur í haust í þeim tilgangi að stunda hér nám. sem ég fátæktar vegna varð að hætta við. Og neyddist til að gefa mig aðeins sem matvinnung yfir veturinn, en als ekkert kaup.

∴ Krefst ég þess að ég sé sýknuð frá greiðslu á ofangreindu 6.00 kr sveitarútsvari sem mér var gjört. Því ég hefi ekkert að borga með.

Svari þessu viðvíkjandi óska ég eftir sem fyrst.

Virðingarfyllst

Guðrún Guðnadóttir

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

30

Þar sem eg er Einstæðings Ekkja og hef
barn fyrir að sjá sem er á öðru árinu án
styrks frá annari hlið. Eg hef feingið auka-
útsvars seðil bæði í fyrra og núna uppá
4 krónur í hvert skipti og þar sem það
fyrra er óborgað synist mjer að nú muni
verða svo hart eftir geingið að eg verði
krafin þess als. Þá Leyfi eg mjer virðing-
arfyllst að biðja hina Heyðruðu Bæjarstjórn
að gefa sinn úrskurð um hvort það ~~[illegible]~~ er
samkvæmt stöðu minni að gjalda auka-
útsvar þar eg hefi heyrt að mæður með
barn hafi verið gjaldfríjar. Þar til og með
er eg veikluð á heylsu og Ekki fær fyrir vinnu
þettað vona eg að verði athugað og mjer svo
gefið svar við hentugleyka.

Virðingarfyllst

Grettisgötu 39 — 1 April 1910

Guðný Steingrímsdóttir

Ekkja

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

31

Hjer med Leyfi eg mjer Vyrdingarfyllst ad bera umkvörtun fram fyrir Hina Heydrudu Bæjarstjörn útaf aukaútsvars sedli sem eg hef feyngid uppá 4 krónu útsvar. Ekki kvarta eg ad sönnu um ad þettad gjald sje ókjo hátt En þar eg er ordin fult hálfsextug hef verid mjög heylsu veiklud og þar fyrir ordin blátátek sem er ad bera mig ad hafa fyrir lífi minu án styrks af Fátækrasjódi algjört adstodarlaus á Engan ad af mönnum, þá gjöri eg mjer gódar vonir ad hin Heydrada stjörn líti svo á hagi mína ad hun gódfúslega gefi þann úrskurd ad gjald mitt mætti falla nidur Ekki álitin ad vera fær um ad gjalda aukaútsvar En verdi þad mót von minni Ekki tekid til greina sem eg hefi hjer skrifad þá get eg þó Ekki sjed hvad eg get af hendi látid því eg hefi Ekki neytt til ad selja frá mjer sem verdi getur numid

Vyrdingarfyllst

Grettisgötu 17B 1 Apríl 1910

Gudridur Bjarnadóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

32.

Reykjavik d. 30 Marts 1910.

I Anledning af, at jeg af den ærede Ligningscommission er ansat til en Kommuneskat af 120. Kr. for Aaret 1910, tillader jeg mig høfligst at fremsætte følgende Bemærkninger:

1) Min aarlige Gage hos Firmaet J. P. T. Bryde er 2000 Kr.-

2) Jeg har betalt Skat i Köbenhavn af samme Indtægt for Januar og April Kvartal dette Aar.

3) Jeg yder min Moder i Köbenhavn en aarlig Hjælp af ca 300. Kr.

4) Hr. Faktor Jakob Jónsson er ansat til Kr. 75.-
" Faktor Árni Eiríksson " " " 60.-
" Faktor Karl O. Nikulásson " " " 60.-
" Fuldm. S. H. Steen " " " 60.-

og disse Herrer har antagelig en Indtægt lignende min.-

Jeg henstiller derfor til den ærede Ligningscommission i Betragtning af ovenstaaende at nedsætte min Skat i Lighed hermed.

Med Højagtelse
[signature]

Til Ligningscommissionen
i Reykjavik.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

33

Ég undirskrifuð, sem hefi orðið þess vísari af niðurjöfnunarskrá Reykjavíkur 1910 og mótteknum útsvarsseðli, að mér er gert að greiða 4 kr. aukaútsvar yfirstandandi ár, leyfi ég mér hér með að fara þess á leit, að hin háttvirta bæjarstjórn vildi fella niður þetta útsvar hjá mér og láta mig vera undanþegna aukaútsvari nú sem undanfarin ár.

Ég skal leyfa mér að taka það fram um hagi mína, að þegar ég árið 1901 varð ekkja þá með 6 börnum innan fermingar, 1 á fermingaraldri og 2 ný fermdum, og var ég eignalaus, nema að innan=stokksmunum, og að vísu skuldlítil. Síðan hefi ég barist áfram með handavinnu minni, og eru nú öll börn fermd, nema tvö, og hefi ég í engu um uppfóstur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeirra notið hjálpar frá öðrum.

Eg vildi því meiga þess vænta, að bæjarstjórnin sjái, að öll sanngirni mæli með því, að ég verði undan þegin aukaútsvari þetta ár sem hingað til.

Reykjavík, Tjarnargötu 8, 31. Marz 1910

Virðingarfylst.

Guðrún Clausen

Til Bæjarstjórnar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

34.

Samkvæmt útsvarsseðli dags. 15. marz þ. á. hefir mjer undirskrifuðum verið gjört aukaútsvar fyrir yfirstandandi ár að upphæð kr. 150.00 og þar sem tekjur mínar geta ekki gefið ástæðu til að jeg beri svo hátt útsvar, og ástæður mínar að öðru leiti eru ekki góðar, þá leyfi jeg mjer að kæra útsvar þetta fyrir niðurjöfnunarnefndinni og krefst þess að útsvar mitt verði fært niður að miklum mun, eða hækkað á því fólki sem jeg ber mig saman við, og sem jeg leyfi mjer að telja hjer upp:

| | | |
|---|---|---|
| Sigurður Kristjánsson bóksali | kr. | 150.00 |
| Lárus G. Lúðvígsson kaupm. | " | 150.00 |
| Sveinn Sigfússon — | " | 150.00 |
| Jón Jakobsson bókavörður | " | 130.00 |
| Sjera Guðmundur Helgason | " | 125.00 |
| Vilhjálmur Bjarnarson Rauðará | " | 125.00 |
| Jón Zöega kennari | " | 115.00 |
| Halldór Þórðarson bókbindari | " | 110.00 |
| Pjetur Hjaltested úrsm. | " | 100.00 |
| Jóhannes Hjartarson, verzlunarm. | " | 100.00 |
| Friðrik Jónsson, kaupm. | " | 100.00 |
| Guðm. Olsen kaupm. | " | 100.00 |
| Jón Pálsson, bankaritari | " | 100.00 |
| Kristján Þorgrímsson consull | " | 100.00 |
| Klæðaverzlunin „Iðunn“ | " | 50.00 |
| Hótel „Ísland“ | " | 50.00 |
| Frú Þóra Melsted — | " | 16.00 |
| — Sigrún Ísleifsdóttir Bjarnarg. 18. | " | 10.00 |

Jeg hefi hjer skrifað útsvarsupphæð hvers manns fyrir aftan nafn hans og krefst jeg þess að hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd mætti þóknast að kalla alla fyrtalda menn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í fund ásamt mjer, svo mjer geti gefist kostur á, að skýra frá ástæðum mínum, og bera mig saman við þá sem jeg tilgreini hjer, og þeir jafnframt skýri frá efnum sínum og ástæðum.

Reykjavík, Vallarstræti 4, 3 apríl 1910

Virðingarfyllst
Björn Símonarson

Til
niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

35.

Jeg undirskrifaður get ekki látið
hjá líða, að lýsa óánægju minni
yfir því aukaútsvari, sem hinni
háttvirtu niðurjöfnunarnefnd,
hefur þóknast að leggja á mig
í vetur, þar sem jeg er eignalaus
Kaup maður, konan mín heilsubiluð,
1200 kr. – hefur verið undir læknishendi
síðastliðið ár, og það sem liðið
er af þessu ári, – eigum tvö börn,
sem nú eru á kostnaðarsamasta
aldursskeiði, ennfremur á jeg
aldraða móður og blinda elli-
20 kr. -hruma tengdamóður, en hinni
háttvirtu niðurjöfnunarnefnd
hefur að líkindum verið ókunn-
-ugt um það, því þær eru
hvorugar til heimilis hjá mjer.
Til samanburðar leyfi jeg mjer

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að tilnefna:

1. Jón Hallgrímsson bókhaldara, einhleypur maður með góðum launum;
2. Guðmund Arason húseiganda að húsinu sem jeg leigi í, maður sem sömuleiðis hefur góða atvinnu árið um kring, á heilsugóða konu og aðeins eitt barn, og
3. að ógleymdum þeim sem ekkert útsvar bera.

Af þessum ástæðum vona jeg að hin háttvirta niðurjöfnunar-nefnd sjái, að það aukaútsvar sem á mig er lagt sje allt of hátt, og treysti jeg því að hún lækki það að miklum mun.

Virðingarfylst Rvk. 31-3-10

Jón Steinason Lindargötu 6.

Til

niðurjöfnunarnefndarinnar.

Kaup c. 1200 kr.

Háseti árið um kring á Marz. Hluthafi.

Guðfinnur Einarsson, Grett. (hús Sveins Jóns Ein.) trésm.
(Stefán Pálsson farinn til Englands)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

36.

Jeg undirskrifaður hefi nú fengið bæjargjaldsseðil, og er mjer þar ætlað að borga 16 krónur í aukaútsvar til bæjarsjóðs þetta ár. – Þetta gjald þyki mjer langt of hátt, vegna þess að jeg er alveg eignalaus maður, og hefi alls ekkert við að styðjast til framfærslu mjer og heimili mína, – konu og tveimur ungum börnum, sem við eigum á lífi, – en daglega vinnu mína, en hefi bæði í vetur og fyrra vetur orðið fyrir ærnum kostnaði af veikindum barna minna. Í fyrra vetur voru öll þrjú börn mín, sem jeg þá átti, mjög veik í 3 mánuði af megnum kíghósta, og þá dó eitt þeirra, og í vetur var annað þeirra barna, sem jeg á eptir lifandi, í fullar 5 vikur mjög veikt, en er þó nú nýlega farið að batna. Hafa þessi veikindi valdið mjer allmikils kostnaðar bæði í meðulum og læknishjálp. Auk þess hef jeg árið sem leið orðið fyrir því tjóni að missa aleigu mína, hjer um bil 1300 kr., og stendur þannig á því, að jeg átti þilskip, sem jeg seldi Einari kaupmanni Markússyni í Ólafsvík, og eptir kaupsamningnum átti hann að borga mjer þessa upphæð fyrir síðastliðið nýár, en svo varð hann gjaldþrota, og af hendingu fjekk jeg útborgaðar af skuld þessari aðeins 200 krónur, sem gengu til annars manns, sem jeg skuldaði þá upphæð; en frá þrotabúi Einars

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Markússonar hefi jeg ekki von um að geta fengið neitt meira. Er jeg því í fjárhagslegu tilliti öreigi.

Af framangreindum ástæðum leyfi jeg mjer hjer með virðingarfyllst að fara þess á leit við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd og vonta að hún setji framangreint 16 kr aukaútsvar mitt fyrir þetta ár niður um helming, eða niður í 8 krónur, því það álít jeg eptir ástæðum mínum og í samanburði við marga aðra gjaldendur bæjarins, sanngjarnt vera.

Kárastíg 5 í Reykjavík, 2. apríl 1910.

Virðingarfyllst.

Gísli Jóhannesson.

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

37.

Jeg undirritaður leyfi mjer hjermeð að senda háttvirtri niðurjöfnunarnefnd svofellda kæru yfir auka-útsvari því sem hún hefur lagt á mig að greiða yfirstandandi ár.

Upphæð sú, sem nefndin ætlar mjer að greiða í aukaútsvar, er 120 krónur. Skal jeg þegar taka það fram, að upphæð þessi er rjettum helmingi hærri en síðastliðið ár (60 kr.), og þótti mjer hún þó þá ærið tilfinnanleg er gjalda skyldi. Yfirstandandi ár eru fastar tekjur mínar hinar sömu og í fyrra, árslaun mín: 1800 kr. Af þessum launum einum get jeg ekki veitt mjer og fjölskyldu minni viðunandi viðurværi, — en engin efnin til, heldur þvert á móti skuldir frá námsárunum, — og verð jeg því að afla mjer aukainntekta. Þess vegna hefi jeg tekist á hendur skólakenslu og haft dálitlar aukatekjur af henni í fyrra og nú, stopular þó. Aukatekjur þessar virðast mega geta orðið dálítlu meiri yfirstandandi ár en í fyrra, en ekki getur það numið neitt þvílíkt svo miklu, að ástæða sje til að hækka útsvarið þess vegna; enda hafa á hinn bóginn kringumstæður mínar orðið örðugri við það að ómögum hefur fjölgað á heimili mínu og jeg hefi þar að auki tekist á hendur að hjálpa bágstöddum ættingja utansveitar.

Af þessum ástæðum virðist mjer og öðrum engin ástæða til að leggja á mig þyngra út-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

svar en það var síðastliðið ár, 60 kr., enda
lýsi jeg yfir því, að jeg skorast gjörsamlega
undan því að gjalda hærra auka-út-
svar nú.

Mjer er gert skylt að bera í þessari
kæru minni útsvar mitt saman við
útsvör þau er lögð hafa verið á aðra.
Jeg vil því leyfa mjer að tilgreina hjer
til samanburðar þessa fjóra meðborgara:

Jón Jakobsson landsbókavörð,
sjera Magnús Helgason skólastjóra,
Jón Þórarinsson fræðslumálastjóra og
J. V. v. D. Claessen, gjaldkera landsjóðs.

Hinn fyrsti er andugur maður, hefur 3000
kr. árslaun, en álagt útsvar einungis
10 kr. hærra en mitt. Hinn annar er vel
efnaður, hefur 3000 kr. árslaun, frían bú-
stað og hita, og reglubundna embættisstarf-
semi aðeins helming ársins; auka-útsvar
hans þó einum 5 – fimm – krónum hærra
en mitt. Hinn þriðji er og vel efnaður maður,
hefur eins og hinir 3000 kr. árslaun, en út-
svar hans ⅔ á móts við mitt: 80 kr. Út-
svar hins fjórða er aðeins þriðjungur á við
mitt, en árslaun hans þó 500 kr. – hærri
því þriðjungi –, hærri en mín.

Jeg gæti talið fleiri, en þessir munu nægja;
tekjur og ástæður þeirra eru mönnum hjer vel
kunnar og nefni jeg þá því fremur en aðra.

Vonast jeg fastlega eptir að hlutaðeigandi niður-
jöfnunarnefnd taki tillit til kæru minnar, kippi
þessu í lag og ætli mjer alls ekki hærra
útsvar en síðastliðið ár.

Reykjavík 2. IV. 1910.

Matthías Þórðarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

38.

Reykjavík 2/4 1910
Norðurstíg 5.

Hjermeð vil jeg leyfa mjer að biðja hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd um eptirgjöf á útsvari því, 4 Krónum, sem hún hefir gjört mjer að svara.
Jeg á 6 börn á unga aldri, það elzta þó komið yfir fermingu. Jeg annast einsömul um uppeldi yngsta barns míns; en get lítið sem ekkert styrkt að uppeldi hinna, þareð jeg er öldungis efnalaus.

Virðingarfyllst.
Anna Helgadóttir

Til
Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

39.

Jeg undirritaður hefi nú fengið bæjargjaldseðil, og er mjer þar ætlað að greiða 8 krónur í aukaútsvar til bæjarsjóðs þetta ár

Jeg er á 85. aldursári, ellihrumur, bláfátækur og eignalaus maður, enda hefi síðastliðin 11–12 ár ekkert bæjargjald verið á mig lagt. Kona mín, sem komin er á sjötugsaldur hefir lengi verið heilsulítil, en á þessum vetri því nær alltaf niðri rúmföst; erum við því bæði þungir ómagar.– En tvö börn okkar, piltur og stúlka, sem eru tvíburar, og nú 18 ára að aldri, hafa hingaðtil unnið svo fyrir okkur að við enn höfum komist hjá að biðja um sveitarstyrk, en afgang af vinnulaunum sínum hafa þau alls engan, sem heldur ekki er von, þar sem þau, sem hafa atvinnu sína í klæðaverksmiðjunni „Iðunni“ og fá að eins bæði samtals 70 kr á mánuði í vinnulaun, og verða með því að borga fæði, klæðnað og húsaleigu fyrir okkur fjögur. Vill því kaup þeirra með mesta sparnaði opt tæplega hrökkva til fyrir þessum útgjöldum

Jeg leyfi mjer því hjer með virðingarfyllst að fara þess á leit við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd að hún, helzt af öllu láti þetta framangreinda

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8 króna aukaútsvar mitt algjörlega niðurfalla, eða að minnsta kosti setji það niður um helming, eða niður í 4 krónur.

Vitastíg 7 í Reykjavík, 4. apríl 1910.

Virðingarfyllst.

Sigurður Jónsson.

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

40

Á nýútkominni skattgjaldaskrá Reykjavíkurkaupstaðar fyrir yfirstandandi ár, sje jeg að niðurjöfnunarnefndin hefur lagt á mig 60 króna útsvar eða 25 kr hærra en næsta ár áður, án þess þó að hagur minn hafi í nokkru breyst að öðru en því, að jeg er árinu eldri en þá. Aðalupphæð útsvara hefur að vísu hækkað nokkuð, en gjaldendum líka fjölgað að miklum mun, svo að meðalupphæð útsvara er engu hærri en í fyrra og því engin ástæða til að dyngja alt að helmings hækkun á einstaka menn, sem búa við óbreytt kjör, og krefst jeg því leiðrjettingar á þessu að því er mig snertir. Til samanburðar skal jeg nefna landsfjehirðir V. Claessen. Hann er á líku aldursskeiði og jeg, nokkru yngri, hann á aldurhnigna konu eins og jeg, hefur ekki fyrir neinum börnum að sjá, frekar en jeg, börn hans uppkomin og við góða atvinnu. Hann hefur og hæga atvinnu og föst árslaun (2300) 2500 kr., en er gert að greiða einar 40 kr. útsvar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ekkert hækkað á honum frá því sem var í fyrra. Það er hins-
vegar kunnugt, að atvinnu minni er svo háttað, að óvenjuleg
útgjöld eru henni samfara, þótt ekki sé annað tilnefnt
en t. d. skófatnaður, (ásamt skyldunni um að búa í miðbænum) árslaun mín eru 1300 kr, auk 100 kr.
fyrir að annast um sóttvarnarreiður bæjarins. Þá má og
telja nokkrar aukatekjur af vottagjöldum og stefnubirt-
-ingum, en fjarstæða er að ætla þann tekjuauka
svo mikinn, að réttlæti hina gífurlegu útsvarsálagningu
á nokkurn hátt. Ég get ekki með vissu sagt hve mikla
þetta nemur að jafnaði á ári, líklega um 2-300 kr. á ári,
en að minsta kosti er það kunnugt einum niðurjöfnunar-
nefndarmanninum, að þau gjöld greiðast misjafnlega
og hafa verið ófáanleg. Enda þótt telja mætti árslaun
mín að jafnaði 15-1600 kr, þá sjer hver sanngjarn
maður að það nær engri átt að leggja á mig 60 kr
útsvar, en á áðurnefndan gjaldanda aðeins 40 kr.
Af framangreindum ástæðum krefst jeg þess, að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

niðurjöfnunarnefndin breyti útsvörunum þannig, að mitt verði sett 40 kr., en V. Claesens 60 kr., en til vara að okkur verði gert að greiða jafnt útsvar, sem sje 40 kr. hvorum.

Reykjavík 26 mars 1910

J. Björnsson

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

41

Reykjavík 3. apríl 1910

Á niðurjöfnunarskrá fyrir þetta ár sje jeg að háttvirtri niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur hefur þóknast að leggja á mig 30 króna auka útsvar, verð jeg að líta svo á, að þetta stafi af ókunnugleika nefndarinnar, einkum þegar jeg athuga það, sem lagt er á suma aðra samkvæmt útsvarsskránni, og ber saman ástæður þeirra og mínar ástæður eins og þær eru í raun og veru. Skal jeg í stuttu máli skýra nefndinni hjermeð frá ástæðum mínum og svo umleið taka samanburð á nokkrum öðrum sem greinilega sýnir ókunnugleik eða ranglæti nefndarinnar hvað niðurjöfnunina snertir.

Jeg hefi einn ómaga, kona mín er sama sem einhent, er með kreppta aðra hendina og geta allir sjeð hver áhrif það muni hafa á starfskrapta hennar, alls hefi jeg 4 menn í heimili, en bæði jeg og sonur minn höfum verið atvinnulausir síðastliðið ár, þess utan hefi jeg orðið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir stórkostlegu fjárstjóni, þar sem jeg hefi lent í ábirgðarskuldum fyrir aðra, sem nú er orðið yfir 1500 kr á mig einann, og atvinnuhorfur mínar fyrir þetta ár sem alt annað er gleðilegar þess utan hafa tekjur mínar ekki farið fram yfir 500 kr. árið sem leið, og hjeld eg ekki við að þær verði meiri þetta ár, Auðvitað þarf jeg ekki að benda á aðra menn til samanburðar við mig, til að eyna nefndinni framá að mitt útsvar er af háu sett, hún mun samferðast um það þegar henni er það kunnugt sem hjer er framtekið um ástæður mínar og hún veit að eg er eignalaus maður með öllu. Þó skal jeg geta þess að væri útsvar mitt 30 kr. rjettlátt, þá er ofléttt útsvar á þessum mönnum:

Magnúsi Vigfússyni dyraverði 20 kr. útsvar jafnmargt fólk nýjer hefur í laun c: 2000 kr. þegar húsnæði ljós & eldiviður er talið með

Magnúsi Pálssyni verzlunarm. Laugaveg 74, 16 kr útsvar hefur c: 1200 kr. laun, er einhleypur að öllu leiti:

Ingimundi Guðmundssyni bónda í Eskihlíð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sterkefnuðum manni með góðu búi bygt á
sjálfs sín eign, hefur þess utan haft
mjög arðsama atvinnu við heylsu hælið
á Vífilsstöðum síðastliðið ár, á hann
er aðeins lagt 30 kr. útsvar.

Af því sem þegar er framtekið má
sjá að útsvar mitt er of hátt, bæði
samanborið við efni mín og ástæður, og
einnig samanborið við það sem lagt
er á aðra marga samborgara mína, leyfi
jeg mjer því að krefjast þess, að hin
háttvirta niðurjöfnunarnefnd færi útsvar
mitt niður <u>að minsta kosti um helming</u>
svo að það ekki <u>verði meira en 15 krónur</u>
því meira get jeg ekki borgað.

Heiðrað svar nefndarinnar óska jeg að fá
svo fljótt, að jeg geti áfrýjað gjörðum hennar ~~nefndarinnar~~
ef mjer finst ástæða til.

Virðingarfyllst

Markús Þorsteinsson
söðlasm.

Til niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

42

Sæunn Þórarinsdóttir, er einhleyp-
ingur, sem hefir fyrir úngu
barni að sjá, og hefir þar að
auki styrkt móður sína til þessa.
Hún er efnalaus og hefir eigi
annað en vinnu sína að treysta
á. Mun því með allri sann-
girni mega álíta, að hún sé
eigi fær um að greiða auka-
útsvar til bæjarsjóðs.

Reykjavík 4. 4. '10

Jón Jónsson
Grettisgötu 31

Hefir auk þessa barn að annast á 6. ári.

© Borgarskjálasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

43

Eg undirritaður leyfi mér hér með að fara þess á leit við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur að hún taki til athugunar hvort hún sér, sér ekki fært að færa niður aukaútsvar mitt Kr 16 – ofan í Kr 8,oo – Og leyfi eg mér hér með að gefa hinni háttvirtu nefnd sannar og áreiðanlegar upplýsingar um ástæður mínar, og sem eg byggi þessa beiðni mína á.

Síðan að eg átti að heita sjálfstæður maður hef eg eitt tímanum í að læra handverk það sem eg nú fyrir ári er fullnuma í, og það gekk þannig til fyrir mér eins og fjölda mörgum fátækum piltum sem verða að spila upp á sínar eiginn spilur, að þegar eg fór til útlanda hafði eg ekki önnur ráð, en að fá lánaða peninga, með góðra manna tilstyrk og meðan eg dvaldi þar og þangað til eg kom heim aftur safnaði eg talsverðum skuldum sem eg en þá hef lítið getað borgað af.

Ennfremur leyfi eg mér að geta þess að eg á aldraða móður lasburða, sem eg reini að sjá fyrir meðan og get. og henni meðfylgandi er stúlkubarn sem alist hefur upp hjá henni hingað til og hún ~~[illegible]~~ getur naumast látið frá sér fara. Kaup 80 Kr. á mán.

Eg held helst að eg sleppi að nefna nein sérstök nöfn til samanburðar. því þó að mér sýnist að ýmsir menn sem sama gjald er lagt á og mig, muni standa miklu betur að vígi með að borga það, þá getur það ef tilvill verið af því að mig skorti nóga þekkingu á efnalegu ástandi þeirra

Eg vænti svo góðs af hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd að hún taki þessa beiðni mína til greina og verði við þeirri ósk minni að aukaútsvar mitt verði fært niður ofan í Kr 8, –

Virðingarfyllst

Reykjavík 1 apríl 1910 Guðmundur Magnússon Hverfisg. 4 B

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

44.

Í tilefni af útsvari því, sem niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur hefr gjört mér ad greida í ár, læt ég eigi hjá lída, ad tjá nefndinni, ad henni hefr skjátlast med álag þetta, þar ég hlýt ad álíta, ad ég eigi hinn sama undanþágurétt frá gjaldi þessu, sem annad námsfólk hér.

Sked getur ad ég, vid manntal, hafi verid skrifud lausakona, en þad hefir þá stafad af vangá. Ég hefi kostad mig vid nám í vetur, um þad get ég fært fulla sönnun. –

Reykjavík, 4. april 1910.

Gudrídur Albertsdóttir

Grett. 20

Til Nidurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

45.

Hjer með leyfi jeg mjer að ávarpa hina heiðruðu niðurjöfnunar-unar nefnd; Spirjandi; hvers vegna að henni hefur þóknazt, að hækka að miklum mun aukaútsvar mitt, „sem lítið og ekkert hinna yfirsetukona bæjarins.“ Máske hefur hún vissu fyrir því, að þær hafi lagt meira óbeinlínis til bæjarins enn jeg.“ Í sambandi við það ætla jeg að geta þess, að jeg hef veitt 19. konum fæðingar hjálp og aðhlinningu, endurgjaldslaust, síðastliðið ár, að undanteknum nærfellt jafn-mörgum. Sem jeg hefi litla von og enga vissu fyrir að muni greiða mjer neitt. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg mundi ekki teljast
undan að borga 12 krónur
aukaútsvar, en af framan
greindum atriðum finnst
mjer hlutfallslega ekki rjett
að leggja á mig meira.

Með virðingu

Reykjavík, 4. april
1910.

Þórunn Á. Björnsdóttir
(Ljósmóðir)

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar í
Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

46-

Þar eð hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur bæjar, hefir lagt á mig 6 kr. bæjargjald fyrir yfirstandandi ár, þá vil ég í tilefni af þessu leyfa mér að fara fram á, að fá þessu breytt, þannig, að ég verði gjörð útsvarsfrí.

Má og geta þess, að áður hefir eigi verið lagt á mig bæjargjald hér, enda hef ég manna síst verið fær um útgjöld, - einatt átt við veiklaða heilsu að búa, og hef sökum þess eigi getað lagt að mér fullkomna vinnu.

Til gildari sönnunar, læt ég þess enn fremur getið, að ég hef nú s.l. ár orðið að fá styrk hjá syni mínum, - manni sem heima á austur á Vopnafirði; - til þess að geta lifað.

Vona ég að háttv. niðurjöfnunarnefnd taki ástæður mínar til greina, og verði við beiðni minni. —

Reykjavík (Laugav. 27) 4. apríl 1910.

Anna Daníelsdóttir
(handsalað)

Til
Niðurjöfnunarnefndar
í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

47.

Reykjavík, Melshúsum,
4. apríl 1910.

Útsvar það, sem hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd hefur ákveðið mjer í ár, að upphæð 6 kr., finnst mjer allt of hátt. Jeg er alveg eignalaus, hef því að eins vinnu mína að lifa af, en hef jafnan verið heilsutæp, og nú farin mjög að bila til vinnu, enda komin ~~nú~~ á sextugs aldur, svo að jeg sje mjer ekki fært að borga svona hátt útsvar.

Jeg leyfi mjer því að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fara þess á leit, að útsvar mitt
verði fært niður í 4 kr.

Vigdís Steindórsdóttir

Til

niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

48.

Eftirlaun 487 kr.

Mér hefur nýskeð borizt reikningur yfir fjögra króna auka-útsvar, sem niðurjöfnunarnefndin hér í kaupstaðnum hefur jafnað á mig, en þar sem eg skoða mig sem gest, eða aðkomandi, hér í bænum yfir veturinn, leyfi eg mér að fara fram á, að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd láti auka-útsvarið falla niður, ekki síst þar sem eg, svo sem sjá má af innlögðum seðli greiði þriggja króna útsvar í Andakílshreppi í Borgarfjarðarsýslu yfir yfirstandandi fardaga-ár.

Sjái niðurjöfnunarnefndin sér eigi fært, að láta útsvarið falla alveg niður, leyfi eg mér að fara fram á, að það verði lækkað um helming.

Reykjavík 6. apríl 1910.

Með virðingu

Elín G. Blöndal

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar

í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frá Elínu Blöndal í
Staftholtsey ber að greiða
í Sveitarútsvar haustið 1909.
Kr. 3,00,
er greiðist til undirritaðs
fyrir lok þ. á.
Fyrir hönd hreppsn. Andak. hr.
Brekku 12 nóv. 1909.
Hjörtr Snorrason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

49.

Reykjavik d 31' Marts 1910

Ligningskommisionen
for Reykjavik.

Ved nærværende tillader jeg mig höfligst at anmode den höjtærede Commision om at nedsætte den mig paalignede Skat.

Som Grund for denne min Klage, tillader jeg mig at anföre nedenstaaende

Jeg er uden Erhverv, idet jeg er fratraadt min Stilling i Sæluhuset. Min Gage har kun været Kr. 2000,00 og jeg har Hustru og to Börn.

Haabende at denne min Klage, ikke maa forblive upaaagtet tegner

Med Höjagtelse

Adr. „Bakkabúð"
Lindargata 25.

[signature]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Ókeypis læknishjálp læknaskólans.

Á þriðjudögum og föstudögum
kl. 12—1
í læknaskólanum, Þingholtsstr. 25.

~~Rp.~~

Síðan 15. februar þ. á hefur Eggert Pálsson notið hér læknishjálpar og hafði þá bersýnilega lengi verið lasinn. Hann er enn ekki vinnufær og óvíst hvenær hann getur tekið til vinnu.

Reykjavík 8./4 1910

G. Björnsson

Nr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

50

Hérmeð leyfi ég mér að fara fram á það við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur, að útsvar mitt fyrir yfirstandandi ár verði að miklum mun lækkað.

Sem aðal ástæðu fyrir þessari málaleitun minni, skal ég gefa til kynna, að hinn 20. oktober síðast liðið haust lagðist ég sjúkur, og var rúmfastur samfleytt í 6 vikur. Frá þeim tíma hefi ég eigi unnið mér inn eins eyris virði, og heilsu minni er auk þess þannig háttað, að ég hefi enga von um að geta unnið fyrst um sinn.

Af ókunnugleika eða ónákvæmni nefndarinnar hlýtur það að stafa, að ég er á skránni skrifaður lausamaður (l. m.). Það hef ég ekki verið síðustu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3 árin. Eg er giptur, og á tvö börn. Útsvarsseðil minn læt ég fylgja hér með.

Reykjavík 4. apríl 1910.

Eggert Pálsson
(Hjáleigshúsi)

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar
í
Reykjavík.

Kona hans hefir nú (9/4) verið í rúminu í 5 vikur og verður að liggja lengi.

NB. Jósafat Sigurðsson hefir ekki verið veikur og ástæður hans engu verri en áður.

Ótekinn á skrá:
Sigurður Pálsson, lm. Hjáleigshús (23 ára).

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur